

Greinargerð vegna auglýsingar starfsleyfistillögu fyrir Arctic Sea Farm hf. í Patreksfirði og Tálknafirði

1. Almennt:

Arctic Sea Farm hf. (kt. 700807-0450), Suðurgötu 12 á Ísafirði hefur hug á að hefja sjókvíaelði í Patreksfirði og Tálknafirði. Fyrirtækið hefur ekki áður rekið fiskeldi á Suðurfjörðum Vestfjarða. Sótt var um tvær staðsetningar fyrir eldið, annars vegar við Kvígindisdal í Patreksfirði og hins vegar við Akravík í Tálknafirði.

Umhverfisstofnun auglýsir tillögu að starfsleyfi, sbr. 2. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, á tímabilinu 29. júní til 25. ágúst 2017, fyrir framleiðslu á allt að 6.800 tonnum á ári. Auglýsingin birtist einnig á vefsíðu Umhverfisstofnunar, ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögunni. Auglýsingin birtist í Lögbirtingablaði 29. júní.

Umsóknargögn um auglýsingu starfsleyfistillögu voru send heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis tvívegis, 20. mars 2017 og 21. júní 2017.

Gögn munu vera aðgengileg hjá sveitarstjórn Vesturbyggðar á auglýsingatíma.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum (sbr. 23. gr. rg. nr. 785/1999 sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000) og rökstutt álit Umhverfisstofnunar á áhrifum hugsanlegrar mengunar á umhverfið sbr. gr. 8.3 í reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna sameiginlegrar áætlunar Arctic Sea Farm hf. og Fjarðalax ehf var birt þann 23. september 2016 þar sem stofnunin telur helstu neikvæðu áhrifin vera vegna sjúkdóma, laxalúsar, áhrif á náttúrulega stofna laxfiska og botndýralíf. Þegar þetta mál um mat á umhverfisáhrifum var í vinnslu hjá Skipulagsstofnun sendi Umhverfisstofnun inn umsögn um málið sem er dagsett 10. nóvember 2015. Í umsögninni benti Umhverfisstofnun á að hámarkslífmassi eldislax yrði nálægt burðarþolsmati fjarðanna þriðja hvert ár. Í því ljósi væri mikilvægt að sannreyna þyrfti lífrænt álag með vöktun sem endurspeglast í kröfum í vöktunaráætlun og starfsleyfi. Umhverfisstofnun telur að þær kröfur og sú vöktun sem tilgreind er í starfsleyfi og vöktunaráætlun sé fullnægjandi til að draga úr neikvæðum áhrifum mengunar frá eldinu á annað lífríki fjarðarins. Umhverfisstofnun tekur undir þau atriði sem bent er á er varða losun lífniðurbrjótanlegs úrgangs og áhrif þess á nærumhverfið og botndýralíf. Með starfsleyfinu er dregið úr þeim áhrifum á botn fjarðarins með hvíld svæði milli kynslóða, að lágmarki 6 mánuði. Með þeim hætti nær botninn að jafna sig á milli eldislota og gerðar eru mælingar til að meta ástandið.

Óskað verður eftir breytingu á vöktunaráætlun sem lögð var fram í umsókn. Farið verður fram á að mælingar og eftirlit með ástandi sjávar og botns verði í samræmi við ISO staðal 12878.